

FRÉTTABRÉF GARÐASELS FEBRÚAR 2020



Dagur leikskólans 6. febrúar

Í tilefni af Degi leikskólans ætla elstu börnin á Vík að hafa kaffihús á Skála og bjóða nemendum og starfsfólki í Garðaseli. Þau undirbúa kaffihúsið með aðstoð kennara sinna og sjá um allan undirbúning, bakstur, leggja á borð og þjóna.

Um kvöldið ætlar starfsfólk leikskólanna að samveru – og gleðistund að Garðavöllum.

Læsisþema í febrúar

Í febrúar verður áherslan á Læsi í fjölbreyttri mynd á öllum deildum. Lubbi verður í aðhlutverki og fer heim með börnunum og honum fylgja ákveðin fyrirmæli til foreldra / fjölskyldu. Foreldrar eru hvattir til að taka þátt því hlutverk þeirra í læsisfærni barna er mikilvægt.

Verkefnin verða fjölbreytt og taka mið af aldri barnanna og fá foreldrar á deildum upplýsingar um fyrirkomulag og verkefni.



Gagnlegt um læsi :

Í leikskólanum þarf að vinna með og örva alla þætti málsins; orðaforða, stafabekkingu, hljóðkerfisvitund, máltjáningu, hlustun og hljóðkerfisvitund og byggja upp færni barna til að skilja og nota tungumálið.

Foreldrar sem fá jákvæð og styðjandi skilaboð ásamt gagnvirkum samræðum um málþroska og læsi barna sinna, framfarir þeirra, þarfir og styrkleika eru líklegri til þess að verða samstarfsaðilar leikskólans.

Málþroski verður ekki til í tómarúmi – skólar og heimili þurfa að vinna saman að því að búa til innihaldsríkt málumhverfi fyrir börn.



Mömmu og ömmukaffi

Föstudaginn 21. febrúar bjóðum við mömmum, ömmum og systur í morgunkaffi til okkar í tilefni konudagsins. Nýbökðu brauð og kaffiveitingar verða á borðum frá kl: 8.00-9.30. Við vonum að sem flestar yngismeyjar ; mömmur, ömmur og systur sjái sér fært að kíkja til okkar. Áfram stelpur

Tannvernd

Lýðheilsustöð hefur um árabil staðið fyrir tannverndarviku í byrjun febrúar og leikskólinn hefur þar til fyrir nokkrum árum fylgt þeirri tímasetningu. Í endurmati kom fram að oft væri erfitt að koma tannvernd fyrir á þorra og öllum þeim þjóðlegu dögum sem við gerum okkur dagamun (bolludagur og öskudagur). Því var tekin ákvörðun um að í Garðaseli væri **tannverndarvika** í **september** í tengslum við alþjóðlega tannverndardaginn 12. september.



Fræðslufni Lýðheilsustöðvar er aðgengilegt allt árið og því skiptir tímasetning tannverndarfræðslu ekki öllu máli, frekar að henni sé ætlaður tími í leikskólastarfinu. Hér er krækjan inn á fræðslusíðu Lýðheilsustöðvar <http://www.lydheilsustod.is/greinar/tannvernd/>

Þá eru foreldrar hvattir til að kynna sér [gjaldfrjálsar tannlækningar](#) barna.

Sumarið 2020

Skóla- og frístundaráð hefur tekið ákvörðun um 4 vikna sumarlokun 2020 og mun hver leikskóli gera könnun meðal foreldra um hentugasta tímabilið. Þar mun einfaldur meirihluti ráða tímasetningu lokunar. Rafræn könnun verður send foreldrum um mánaðamótin febrúar – mars og niðurstöður birtar þegar könnun er útrunnin.



Samkvæmt núgildandi verklagsreglum er enn gert ráð fyrir að 5. vikan sé gjaldfrjál með öllum fari börnin í svo langt frí. Ef börn eru í lengra en 4. -5. vikna fríi tengdu tímabili sumarlokunar eru fæðiseiningar felldar niður þann tíma.



Skipulagsdagur

Skipulagsdagur er **föstudaginn 14. febrúar** og er leikskólinn lokaður þann dag.

Morgunmatur

Af gefnu tilefni er minnt á að **morgunmatur er frá kl: 8.00 -8.45** og eftir þann tíma eru vagnar komnir inn í eldhús til frágangs. Þá er byrjað að klæða fyrstu hópana fyrir útivist og formlegt skipulag dagsins hefst. Börn, sem koma **eftir þennan tíma**, þurfa því að vera búin að borða.

Gott væri ef foreldrar létu deildir vita ef barnið er búð að borða þegar það kemur og þurfi þá ekki að fara í morgunmat.

Vinátta - klípusaga 1

Sesselja er fimm ára og foreldrar hennar hafa boðið mörgum börnum af deildinni í afmæli hm helgina. Á mánudagsmorgni tala nokkrar stelpur um afmælisveisluna og þær eru með fín armbönd sem þeim voru gefin þar. Karólínu var ekki boðið. Þú verður þess áskynja að hún fær ekki að vera með í stelpuhópnum sem myndast eftir afmælið og hún er ein síns liðs á deildinni.

- hvað gerir þú ?
- hvað geta foreldrar gert ?

***Allir vilja eiga vin en til þess þurfa börnin að læra að vera góðir félagar og vinir !
Hvernig læra þau það ?***

